

Fundargerð 19. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Miðskip, fundarherbergi 1. hæð, Orkuveitu Reykjavíkur.

Tími: 27. febrúar 2015 kl. 12:30

Viðstaddir: Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Gunnar Steinn Jónsson (GSJ), Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), María Jóna Gunnarsdóttir (MJG)

Forföll: Sigurbjörn Búi Sigurðsson (SBS)

Dagskrá:

1. Fundargerð 18. Stjórnarfundar
2. Undirbúningur málstofu um verndun náttúruverla gegn skólpmengun
3. Þýðing á nýrri reglugerð á íslensku, vöntun á samræmdum fagheitum
4. Kynning starfsemi VAFRÍ á fagfundi Samorku, Borgarnesi 28.-29. maí
5. Önnur mál

1. Fundargerð 18. stjórnarfundar

Fundargerð 18. Stjórnarfundar VAFRÍ 17. november 2014 var samþykkt.

2. Undirbúningur málstofu um verndun náttúruverla gegn skólpmengun

Drög að dagskrá og möguleg tímasetning í maí voru rædd. Fjórir fyrirlestrar eru staðfestir. Gunnar Steinn verður ráðstefnustjóri. Ákveðið að skoða fleiri valkosti um fleiri fyrirlesara sem gætu talað um tæknilausnir.

3. Þýðing á nýrri reglugerð á íslensku, vöntun á samræmdum fagheitum

Félagar VAFRÍ hafa verið að fá óformleg bréf frá þýðingarmiðstöð Utanríkisráðuneytisins varðandi hjálp með þýðingar á fagorðum á sviði skólphreinsunar í tengslum við innleiðslu á nýrri reglugerð Evrópusambandsins. Fagorðin eru sértæk og eru ekki í íorðabók Orðanefndar Verkfræðifélags Íslands (VFÍ). Rætt var mikilvægi þess að þýðingarnar sem Utanríkisráðuneytið er að vinna verði yfirfarnar af Orðanefnd VFÍ til þess að gæta samræmis og að

sameining sé um þýðingarnar. Einnig þykir mikilvægt að þýðingarnar verði birtar á aðgengilegum stað þannig að þær nýtist sem flestum. HÓA mun senda fyrirspurn til VFÍ um að þeir hafi samband við þýðingarmiðstöðina varðandi samstarf.

4. Kynning á starfsemi VAFRÍ á fagfundi Samorku, Borgarnesi 28.-29. maí

Borist hefur beiðni frá Sigurjóni Norberg Kjærnested, Framkvæmdastjóra veitusviðs Samorku, um að VAFRÍ kynni starfsemi sína á fundinum, og greini etv. frá nýjum rannsóknum á sviðinu. HÓA verður erlendis á þessum tíma. Íþ og MJG munu báðar sækja fundinn og geta haldið kynningu á félaginu, svo og gefið samantekt af málþinginu (sjá lið nr. 2) ef það verður haldið á undan. HÓA mun greina Sigurjóni frá þessu.

5. Önnur mál

- Íþ mun byrja innheimtu á félagsgjöldum í mars með sama sniði og fyrri ár.
- Kennsla í vatns- og fráveitum hefur gengið vel fram að þessu. Fljótlega byrja nemendur að rannsaka tæknilausnir til verndar viðkvæmum viðtökum. HÓA mun tengja GSJ við kennara þessa hluta, Ragnhildi Gunnarsdóttur og Reyni Sævarsson hjá EFLU.
- Í kjölfar fundar um framtíð hönnunarregnrannsókna á Íslandi 21. nóvember sl. er búið að skrifa memo til stofnana um að skipa nefnd. Ákveðið var að geyma að senda memóið í haust þar sem Jónas Elíasson og HÓA eru erlendis.

Fundi var lokið kl. 14.00

Næsti fundur ákveðinn 12. Mars kl. 12:30.

Fundarritari: Hrund Ó. Andradóttir, hrund@hi.is